

Alþingi
Erindi nr. P 132/1245
komudagur 9.3.2006



Flugskóli Reykjavíkur

Sendandi Hafsteinn Þorsteinsson
Framkvæmdarstjóri
Flugskóli Reykjavíkur
Fluggörðum 26
101 Reykjavík

Dagsetning miðvikudagur, 8. mars 2006

Efni Umsögn Flugskóla Reykjavíkur vegna frumvarps til laga um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf., þskj. 708 – 480. mál

Almennt:

Til þess að skólastarfsemi allra flugskóla á Íslandi geti verið samkeppnishæf, gerum við athugasemd við að samgönguráðuneytið ætli að vinna við gerð samnings við Flugskóla Íslands sérstaklega, um áframhaldandi styrki til hans vegna bóklegs atvinnuflugmannsnáms.

Í 2. grein reglugerða um flugskóla nr. 692/1999 segir orðrétt “Flugkennsla skal eingöngu fara fram við flugskóla sem viðurkenndir hafa verið af Flugmálastjórn. Viðurkenning er tvenns konar. Gerður er greinarmunur á samþykktum flugskólum og skráðum flugskólum. Í skráðum flugskólum getur m.a. farið fram verkleg og bóklek kennsla fyrir einkaflugmannsskírteini, næturflugsáritun og flokksáritun á einshreyfils einstjórnarloftför. Í samþykktum flugskólum getur auk þess m.a. farið fram bóklek og verkleg kennsla fyrir atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsréttindi, flugkennaraáritanir og tilheyrandi aukin réttindi ásamt bóklegrri kennslu fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks. Í samþykktum tegundaráritunarskólum getur farið fram kennsla fyrir tegundaráritanir og áhafnarsamstarf.”.

Í leiðbeiningum flugöryggissviðs Flugmálastjórnar um handhafa kennsluleyfa samkvæmt kröfum JAR-FCL kemur fram að tveir skólar á landinu, eru samþykktir flugskólar.

Umsókn Flugskóla Reykjavíkur um starfsleyfi til kennslu bóklegs atvinnuflugmannsnáms liggur nú fyrir til umsagnar hjá Flugmálastjórn Íslands. Verði sú umsókn samþykkt, gerum við ráð fyrir að hefja kennslu bóklegs atvinnuflugmannsnáms um leið og starfsleyfi hefur verið gefið út.

Það er okkar álit að þeir flugskólar sem eru samþykktir og uppfylla kröfur Flugmálastjórnar til kennslu bóklegs atvinnuflugmannsnáms eigi rétt á því að sækja um styrki til ríkisins, á jafnréttirgrundvelli.

Flugskóli Reykjavíkur mun bjóða m.a. upp á fjarnám við kennslu til bóklegs atvinnuflugmannsnáms, sem mun verulega auka möguleika íbúa landbyggðarinnar, til þess að stunda þetta nám án verulegs aukakostnaðar.

Þskj. 708 — 480. mál.

Frumvarp til laga

um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.
(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Lög nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf., falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugskóli Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

Virðingarfyllst,

Hafsteinn Þorsteinsson
Framkvæmdarstjóri
Flugskóli Reykjavíkur
Fluggörðum 26
101 Reykjavík

Sími 562 2100
Fax 551 1122
E-mail hafsteinn@flugskoli.com